

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Norðurlandi eystra, 10. maí 2024

Efni: Umsögn um þingsályktun um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, mál 1035.

Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um fjármálaáætlun 2025-2029, 1035. mál.

Umsögn þessi byggir á fyrri umsögn samtakanna um fjárlög ársins 2024, ályktun ársþings SSNE sem haldið var í Skjólbrekku, Þingeyjarsveit 18.-19. apríl síðastliðinn um stöðu nærþjónustu ríkisins í landshlutanum og Samgöngu- og innviðastefnu Norðurlands eystra 2023-2033.

Varðandi atvinnu- og byggðamál

Á þessu ári er undirbúningur að nýjum **Sóknaráætlunum landshlutanna** fyrir tímabilið 2025-2029 í fullum gangi, en núgildandi samningur rennur út í lok árs 2024. Sóknaráætlanir landshlutanna hafa verið að reynast ákaflega vel í því að efla landshlutana á þeirra forsendum, og hafa spilað lykilhlutverk í því að styðja við atvinnulíf og nýsköpun, umhverfismál og menningu um allt land. Á grunni Sóknaráætlunar hefur nú þegar verið hægt að hrinda í framkvæmd verkefnum þar sem sameiginlegir hagsmunir hvers landshluta fyrir sig eru hafðir að leiðarljósi og þar með valdefling nærsamfélagsins. Þetta er nauðsynlegur stuðningur við svæðisbundin nýsköpunarverkefni, sprota og frumkvöðla. Í ljósi þess að nú er verið að vinna nýjar áætlanir fyrir í raun sama tímabil og fjármálaáætlun nær yfir er afar mikilvægt að Alþingi og ráðuneyti tryggi verulega aukið fjármagn til þeirra og þá mun meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins 2024 og í fyrri fjármálaáætlun. Skilaboð stjórnvalda ættu að vera skýr í þá átt að efla Sóknaráætlanirnar og því væru það óæskileg skilaboð Alþingis varðandi stöðu Sóknaráætlana inn í fjármálaáætlun 2025-2029 ef framlögin verða lækkuð eða látin standa í stað.

Það má fagna þeirri skýru áherslu fyrirliggjandi fjármálaáætlunar að efla eigi þátt byggðamála og áherslu á eflingu samfélaga og sveitarfélaga. Landshlutasamtökin hafa átt í góðu samstarfi við Byggðastofnun og ráðuneyti um stuðning við atvinnuþróun og nýsköpun í landshlutunum í gegnum **framlög til atvinnuráðgjafar** sem koma í gegnum samning landshlutasamtakanna við Byggðastofnun. Þessi framlög eru afar mikilvæg í vinnu landshlutasamtakanna að byggðaðþróun og stuðning við atvinnulíf í landshlutunum. Staðreyndin er samt sem áður sú að framlög ríkisins hafa hvorki fylgt verðlags- eða launaþróun og eru að meginhluta sömu fjárhæðir og frá árinu 2018. Landshlutasamtökin hafa ítrekað þurft að óska eftir hækkun framlags í umsögnum um frumvörp til fjárlaga og hefur fjárlaganefnd komið að hluta til móts við það. Það væri þó æskilegast ef grunnurinn væri hækkaður og hvetur stjórn SSNE fjárlaganefnd til að auka svigrúmið í fyrirliggjandi fjármálaáætlun þannig að ráðuneytin geti aukið við fjárfamlög bæði til atvinnuráðgjafar og til

Sóknaráætlana landshlutanna. [Nánari upplýsingar um þessa stöðu má finna í sameiginlegri umsögn landshlutasamtakanna við frumvarp fjárlaga 2024.](#) Í þeirri umsögn er einnig fjallað um þörfina á auknum framlögum til atvinnuráðgjafar, sóknaráætlana og áfangastaða. Stjórn SSNE telur afar mikilvægt að auka framlög til svæðisbundinnar markaðssetningar og **eflingar áfangastaðastofa landshlutanna**. Eins og kemur fram í fyrirbyggjandi fjármálaáætlun þá er ferðapjónusta enn langstærsta stoð útflutnings á Íslandi og því ekki óeðlilegt að sett verði aukið fjármagn í að styðja við greinina. Í nýrri Ferðamálustefnu til ársins 2030 er lögð áhersla á dreifingu ferðamanna um land allt og að jafna álag á ferðamannastaði og munu áfangastaðastofur landshlutanna spila lykilhlutverk í að ná því markmiði.

Staða nærþjónustu ríkisins á Norðurlandi eystra

Árþing SSNE, haldið í Þingeyjarsveit, 18.-19. apríl 2024 telur óásættanlegt að ekki sé tryggð grunnfjármögnun nærþjónustu íbúa landshlutans, eins og löggæslu og heilbrigðisþjónustu. Það er mikilvægt fyrir jafn fjölmennan landshluta eins og Norðurland eystra að hafa aðgang að öflugri þjónustu eins og löggæslu og heilbrigðisþjónustu. Mikill hugur er meðal sveitarstjórnarfólks á Norðurlandi eystra til áframhaldandi uppbyggingar landshlutans og er mikilvægt að nærþjónusta ríkisins eflist samhliða þeirri uppbyggingu.

Árþings SSNE skorar á stjórnvöld að bæta úr og tryggja þessa fjármögnun í fjármálaáætlun 2024-2029 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi.

Um stöðu löggæslu á Norðurlandi eystra

Árþing SSNE, haldið í Þingeyjarsveit, 18.-19. apríl 2024 lýsir yfir miklum áhyggjum af þeirri staðreynd að **embætti Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra** hafi ekki verið tryggðar þær fjárveitingar sem þörf er á til reksturs embættisins. Löggæsla er grunnþjónusta sem nauðsynlegt er að tryggja um allt land til að tryggja öryggi íbúa og gesta landshlutans.

Verkefnum embættisins hefur fjölgað mikið á síðustu árum, einkum hegningarlagabrotum og sérrefsilagabrotum. Löggæslan hefur þurft að bregðast við breyttu umhverfi; íbúafjöldi hefur aukist, umferð ferðamanna einnig. Afbrot eru alvarlegri, lögregla þarf að vopnast meira en áður og lögreglumenn verða oftast fyrir ofbeldi við störf sín.

Lögreglan á Norðurlandi þarf að hafa þann styrk sem nauðsynlegur er ef upp koma alvarlegri mál í því skyni að geta sinnt hlutverki sínu og tryggt öryggi borgaranna. Árþing SSNE skorar á stjórnvöld að tryggja nú þegar nauðsynleg fjárframlög.

Um stöðu heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi eystra

Árþing SSNE, haldið í Þingeyjarsveit, 18.-19. apríl 2024 lýsir yfir miklum áhyggjum af stöðu heilbrigðisstofnana í landshlutanum. Ljóst er að starfsemi þeirra er vanfjármögnuð og gerir það þeim erfitt fyrir að tryggja þá grunnþjónustu sem eðlilegt er að íbúar um land allt hafi aðgengi að. Að auki hefur aukinn fjöldi ferðamanna haft þau áhrif að í raun eru mun fleiri sem þarfnast þjónustu heilbrigðisstofnana en íbúatölur segja til um.

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK) er mikilvæg stofnun sem hefur eitt, auk Landspítala, það skilgreinda hlutverk að veita annars stigs og að hluta þriðja stigs heilbrigðisþjónustu fyrir íbúa landsins alls. Hlutverk SAK er að vera kennslusjúkrahús, varasjúkrahús Landspítala, annast kennslu í grunn- og framhaldsnámi, taka þátt í að veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgreinum í samstarfi við menntastofnanir og aðrar heilbrigðisstofnanir og gera fagfólki kleift að sinna fræðastörfum við háskóla, auk þess að stunda og veita aðstöðu til vísindarannsókna. Ljóst er að fjárframlög til reksturs SAK duga hins vegar ekki og er svigrúmið til

þróunar þjónustu lítið sem ekkert á meðan sjaldan hefur verið jafn mikilvægt að þekking og þjónusta sé markvisst byggð upp á sjúkrahúsinu.

Mikilvægi þess að vera með öflugt varasjúkrahús hefur sjaldan verið jafn skýrt og það er í dag og leggur Ársþing SSNE áherslu á að tryggður verði aukinn stuðningur við rekstur stofnunarinnar með það í huga að efla starfsemi bæði hvað varðar aðgengi að þjónustu og sem háskólasjúkrahús.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) sinnir mikilvægri nærþjónustu um allan landshlutann sem skiptir íbúa sérstaklega miklu máli að sé aðgengileg sem næst þeim. Starfssvæði HSN er gríðarstórt og mikilvægt að stofnunin hafi bolmagn til að sinna þeirri þjónustu og kjarnastarfsemi sem þeim ber gagnvart íbúum. Of litlar fjárveitingar gera rekstur stofnunarinnar æ þyngri og erfiðara að skapa það vinnuumhverfi sem nauðsynlegt er að bjóða upp á til að laða til sín heilbrigðisstarfsfólk um allt Norðurland.

Þá er nauðsynlegt að klára byggingu heilsugæslu í suðurhluta Akureyrar. Með því verður öll starfsemi heilsugæslunnar á Akureyri í húsnæði sem er sér hannað um þessa mikilvægu starfsemi.

SSNE vill jafnframt benda á að nýir samningar við sérgreinalækna hafa ekki jafnað þann mun sem er á framboði þessarar þjónustu á Norðurlandi miðað við höfuðborgarsvæðið. Nauðsynlegt er að lagfæra þetta með breyttum samningum þannig að þjónusta sérgreinalækna nái einnig til Norðurlands og með bættri fjármögnun grunn heilbrigðisþjónustu á Norðurlandi.

Ársþing SSNE leggur jafnframt áherslu á að fjárfestingaverkefnum á vegum stjórnvalda í landshlutanum verði flýtt, eins og til að mynda stækkun hjúkrunarheimila á Húsavík og Akureyri, sem og bygging legudeildar við SAK en í þessum málaflokki er mjög uppsöfnuð þjónustupörf sem getur ekki beðið lengur.

Samgöngumál

Stjórn SSNE telur mikilvægt að enn aukið fjármagn verði sett til samgöngumála í fjármálaáætlun til að koma til móts við þá háu innviðaskuld sem enn er verið að vinna niður í vegakerfinu. Þá er mikilvægt að **flyta jarðgangaframkvæmdum** á Tröllaskaga þá fyrst Siglufjarðarskarðsgöngum, framkvæmdum við einbreiðar brýr t.a.m. yfir **Skjálfafljótt og Jökulsá á Fjöllum**, og fleira mætti nefna, en allt eru þetta framkvæmdir sem skipta afar miklu máli þegar kemur að öryggi í umferðinni.

Stjórn SSNE fagnar því að setja eigi aukið fjármagn í vetrarþjónustu en því miður er tillagan um fjármagn aðeins lítill hluti þess sem raunverulega þarf. Stjórn SSNE leggur þunga áherslu á að sett verði fjármagn til þess að **efla vetrarþjónustu** Vegagerðarinnar almennt. Vetrarþjónusta er sérstaklega mikilvæg þegar kemur að öryggismálum á svæðinu eins og til að mynda sjúkraflutningum um svæðið. Þá er sérstaklega mikilvægt að tryggja vetrarþjónustu á þeirri verðmætu fjárfestingu sem **Dettifossvegur** er. Fyrirsjáanleiki í þjónustu skiptir sérstaklega miklu í því samhengi til að tryggja bæði aðgengi fyrir flutningsaðila sem í auknum mæli nýta veginn til að koma dýrmætum útflutningsvörum til hafnar á Austfjörðum, auk þess að tryggja mikilvægt öryggi fyrir ferðamenn sem eru í síauknum mæli að ferðast um svæðið allt árið um kring.


Þá ítrekar stjórn SSNE sérstaklega þá kröfu sína að tryggt verði að **sjúkrabyrja verði staðsett á Akureyri**. Með þeirri staðsetningu yrði hægt að ná yfir 94% af landi og miðum miðað við 60 mínútna viðbragðstíma. Það þýðir aukið öryggi fyrir alla landsmenn. Þá er afar mikilvægt að halda áfram uppbyggingu á Akureyrarflugvelli – ekki síst í tengslum við aukningu á millilandaflogi.

Stjórn SSNE leggur áherslu á að aðgengi að tryggum og hröðum fjarskiptum verði tryggt um land allt, og ekki síst hvað varðar fjarskiptaöryggi. Í Tetra-neyðarkerfinu eru allstór svæði á Norðurlandi eystra þar sem ekki næst samband vegna þess að landslag skyggir á talstöðvarsenda, sérstaklega í fjallabálkunum sitt hvorum megin Eyjafjarðar. Mikilvægt er að hafa í huga hversu mikil umferð útivistarfólks er í landshlutanum og því **nauðsynlegt að fjölga Tetra-sendum** í landshlutanum. Þá þarf að setja í forgang að tryggja öruggt farsímasamband á vegum og annarsstaðar þar sem er föst búseta. Þá er minnt á að **sterkt raforkukerfi er** forsenda fyrir öruggu fjarskiptakerfi og mikilvægur þáttur í almannavarnakerfinu. Þá er mikilvægt að bætt verði í fjármálaáætlun auknum stuðningi við sveitarfélögin til orkuskipta, einkum hvað snýr að **orkuskiptum á höfnum**. Ef það er raunverulegur vilji ríkisins að farið verði í orkuskipti á sjó þá er ljóst að því þarf að fylgja stuðningur til sveitarfélaganna til að byggja upp tengingar á höfnum landsins, en fæst sveitarfélög hafa í dag bolmagn til að standa undir slíkum umskiptum. Þess fyrir utan er mikilvægt að fyrirtæki ríkisins sjálfs hafi tækifæri og tök á að taka þátt í slíkri uppbyggingu orkuinnviða til orkuskipta, eins og til að mynda Landsnet og Rarik.

Stjórn SSNE áskilur sér rétt til að veita umsögn um málið á seinni stigum og lýsir sig jafnframt tilbúna til samtals við fjárlaganefnd vegna málsins.

Virðingarfyllst,

f.h. SSNE



Albertína Friðbjörg Elíasdóttir,
Framkvæmdastjóri